

# Hönnun og smíði

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- sýni handverki virðingu og meti það verðleika
- efli sjálfsmynd sína og frumkvæði í skapandi starfi sem virkur þáttakandi
- geti sett fram og mótað eigin hugmyndir við gerð smíðagripa
- læri að beita einföldum handverkfærum við hæfi
- temji sér að umgangast verkfæri og tæki af varúð og nýti öryggisbúnað
- tileinki sér góðan frágang á efnum og áhöldum
- þrói með sér hæfni til að vinna með öðrum

## Námsefni

Óformlegar samræður kennara og nemenda, blöð, teikningar, útfærslur nemenda á fyrirfram ákveðnum verkefnum o.fl.

## Kennsluform

Nemendur kynnast smíðastofunni, verkfærum, vélum og öryggisbúnaði, auk efnisins sem að öllu jöfnu er unnið með. Lögð er áhersla á að kynna nemendum þær hættur sem kunna að leynast í smíðastofunni og þeim kynnt rækilega hvaða áhöld og tæki þeir mega nota. Kynnt er notkun verkfæra við gerð mismunandi smíðisgripa, auk þess sem yfirborðsmeðferð og hvernig búa eigi muni undir hana, er kennd. Nemendur vinna a.m.k. tvö skyldustykki: nafnspjald og segulskraut á ísskáp, auk annarra valfrjálsra verkefna í samráði við kennara. Fram fer bæði einstaklings- og hópkenndsla.

## Námsmat

Í smíði er gefin skólaeinkunn í lok annar.

# Íslenska

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- auki orðaforða, málskilning, lesskilning og lestrarhraða með fjölbreyttum verkefnum
- lesi bækur við hæfi, bæði að eigin vali og sem kennari velur
- vinni verkefni sem gera kröfur um munnlega tjáningu og þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum
- þjálfist í að endursegja og/eða lesa sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga
- þjálfist í að fylgja þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. á hljóð- eða myndbandi
- dragi rétt til stafs
- þjálfist í að stafsetja rétt með því að vinna margvísleg ritunarverkefni
- semji texta við eigin myndir og annarra og skrifi sjálfur
- semji sögur og ljóð og skrifi sjálfur
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að vanda sig í ritun
- kynnist hugtökunum upphaf, miðja og endir
- kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum
- læri vísur og ljóð utanbókar til söngs
- geri sér grein fyrir að orð eru til í mismunandi beygingarmyndum
- kynnist hugtökunum samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn

## Námsefni

Ritrún 1 og Ritrun 2

Ás og Tvistur, valdar blaðsíður

Lestarbækur við hæfi hvers og eins skv. lestrarbókalista skólans

Bras og þras á bunulæk, Davíð og fiskarnir og vinnubækur sem þeim fylgja.

Krossgátuheftið Allt í kross

Ljóð og vísur

Dagbókarskrif

Sögugerðarbók

Skrift 2

## Kennsluform

Einstaklingskennsla, hóp og stöðvavinna.

## Námsmat

Í lestri er gefin skóla- og prófseinkunn að hausti og vori.

Í skrift er gefin skóla- og prófseinkunn að hausti og vori.

Í Íslensku er gefin skólaeinkunn að hausti og að vori er gefin prófs- og skólaeinkunn.

- ástundun og vinnubrögð 40%
- vinnubækur og verkefni 30%
- kannanir 30%
  
- heimalestur 50%
- lestur í skóla 50%
- 
- skriftarbók 50%
- ástundun og vinnubrögð 25%
- önnur verkefni 25%

# Íþróttir

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- efli hreyfi-, tilfinninga- og félagsþroska sinn í gegnum mismunandi leiki
- efli færni sína í gróf- og fínhreyfingum
- efli líkamsvitund sína
- efli styrk, þol og liðleika
- læri reglur leikja og fari eftir þeim
- læri að bera virðingu fyrir félögum sínum

## Kennslugögn

Smærri áhöld eins og sippubönd, gjarðir, keilur, boltar, baunapokar og fleira.

Stærri áhöld eins og kubbar, kistur, kaðlar, dýnur og fleira.

## Kennsluform

Kennt verður tvisvar sinnum í viku, 40 mínútur í senn, með áherslu á leiki, stöðvápjálfun og hringþjálfun. Einstaklings- og hópakennsla.

## Námsmat

Annareinkunn byggir á símati þar sem fylgst er með ástundun, virkni og framkomu nemenda.

# Kristin-, sið- og trúarbragðafræði

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- kynnist völdum frásögnum úr Gamla testamentinu
- viti hvað aðventa merkir, kynnist siðum og tónlist tengdum henni
- kynnist frásögnum úr lífi Jesú
- kynnist frásögnum af dauða og uppreisnu Jesú
- temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra
- fái fyrstu kynni af öðrum trúarbrögðum

## Námsefni

Regnboginn

Trúarbrögðin okkar

Efni tekið saman af kennara

## Kennsluform

Lesnir verða textar úr kennslubókinni og umræður um þá. Einnig vinna nemendur ýmis einstaklings og hópverkefni.

## Námsmat

Vinna og kunnátta nemenda verður metin jafnt og þétt yfir veturinn. Skólæinkunn er gefin að vori.

- ástundun og vinnubrögð 50%
- vinnubækur 50%

# Náttúru- og samfélagsfræði

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri að hver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild
- átti sig á hlutverki fjölskyldunnar í samfélagi manna
- kynni sér heimabyggð sína, t.d. örnefni, kennileiti, frásagnir og fleira
- þekki íslenska fánann og skjaldarmerkið
- kynnist því að til eru önnur menningarsvæði í heiminum þar sem eru aðrir siðir og venjur en hér
- kunni skil á umferðarreglum fyrir gangandi vegfarendur
- kynnist áttaheitum, skoði staði á korti og myndum og geti rætt um fjarlægðir
- kynnist mun á þéttbýli og dreifbýli
- átti sig á að í einu ári eru 12 mánuðir og í einum mánuði eru 28-31 dagar o.s.frv.
- geri veðurathuganir yfir ákveðið tímabil og kanni hitastig, ofankomu og styrkleika vinds
- þekki helstu veðurtákn sem notuð eru við veðurlýsingar
- geri athuganir með hreyfingu, sólarljósið, skugga, stöðurafmagn og ýmsum efnum
- læri um íslensku húsdýrin og fleiri dýr

## Námsefni

Komdu og skoðu hvað dýrin gera

Komdu og skoðu land og þjóð

Komdu og skoðu hafið

Aðgát í umferðinni

Efni valið af kennurum

## Kennsluform

Vinna nemenda byggir að mestu leyti á umræðum og hópavinnu. Námsefnið verður mikið unnið í þemavinnu og samþætt við aðrar námsgreinar. Auk þess verður farið í vettvangsferðir tengdar hverju efni fyrir sig.

## Námsmat

Vinna og kunnátta nemenda verður metin jafnt og þétt yfir veturinn. Skólaeinkunn er gefin að vori.

- hringekja 40%
- ástundun og vinnubrögð 30%
- önnur verkefni 30%

# Stærðfræði

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- semji sögur um stærðfræðileg verkefni
- vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir
- fari í leiki og spil, s.s. lúdó, myllu eða skák, sem reyna m.a. á talnavinnu, rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni
- geri tilraunir með skálavog
- ræði hugtök tengd hitamælingum, s.s. heitur, kaldur, hlýr, fylgist með veðrinu og lesi hitastig af hitamæli
- ræði um tímatal, m.a. um vikur, mánuði og ár
- vinni með klukku, bæði talna- og skífuklukku
- geri töflur og einföld súlurit um áhugamál sín eða annað sem tengist daglegu lífi
- skoði og myndi talnamynstur, s.s. hvernig mynstur sléttar tölu annars vegar og oddatölu hins vegar, æfi talnarunur, t.d. með því að klappa og telja um leið en segja bara aðra, þriðju eða fimmtu hverja tölu upphátt
- áætli fjölda hluta, telji með hjálpargögnum og sannreyni ágiskun sína
- raði tölum í flokka eftir tilteknum eiginleikum
- vinni með talnalínu og vasareikni til að skoða hvernig tölur breytast
- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman og draga frá
- noti talnalínu til að skoða eðli reikniaðgerða og kanna innbyrðis tengsl þeirra. Hvað gerist þegar lagt er saman, dregið frá? Er sama í hvaða röð tölurnar sem unnið er með eru valdar? Skoði hvernig margföldunartöflur mynda talnamynstur út frá endurtekinni samlagningu, t.d. með því að lita tölurnar í margföldunartöflum og athuga mynstrin
- kynnist deilingu sem skiptingu og endurteknum frádrætti
- þjálfist í að nota þekkingu sína á tölum við hugarreikning
- skoði lögun hluta og ræði um eiginleika og notagildi
- búi til flatarmyndir úr tvívíðum formum, beri saman flatarmál rétthyrninga og tveggja talna
- mæli með stöðluðum einingum, s.s. centikubbum og beri saman við mælingar með reglustiku eða málbandi (cm, dm, m)
- kanni rúmmál vökva með því að hella á milli íláta og beri saman við upplýsingar um magn á umbúðum
- vinni með samhverfur, t.d. í bókstöfum, og athugi hvort speglunarásar eru einn eða fleiri
- ræði líkur á að atburðir gerist

## **Námsefni**

Eining 3

Eining 4

Sproti 2a

Viltu reyna (rauður, grænn og blár)

Vinnublöð með Einingu 3 og 4

Í undirdjúpunum (samlagning – frádráttur)

Tíu Tuttugu

Vasareiknir 2. hefti.

## **Kennsluform**

Hóp og eintaklingskennsla. Innlagdir á nýjum viðfangsefnum verða munnlega og á töflu. Nemendur telja saman talnarunur. Reynt verður að samþætta stærðfræðina við aðrar námsgreinar.

## **Námsmat**

Í stærðfræði er gefin skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 40%
- vinnubækur og verkefni 30%
- kannanir 30%

# Sund

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri að spenna og slaka á vöðvum í vatninu
- tileinki sér samþættingu fjölbreyttra hreyfinga
- nái tökum á fjölbreyttum æfingum og leikjum sem reyna á samspil skynfæra
- þjálfist í æfingum og leikjum með ýmis áhöld
- taki þátt í ýmsum leikjum og æfingum sem efla líkamspól, kraft, hraða og viðbragð
- þjálfist í sköpun og frjálsum hreyfingum í vatni og búa til nýja leiki í vatni
- læri að fara eftir fyrirmælum, reglum og beri virðingu hver fyrir öðrum
- upplifi spennu, ögrun og óvissu með þátttöku í æfingum og leikjum í vatni
- öðlist öryggistilfinningu í vatni
- tileinki sér heinlæti fyrir og eftir sund og bað- og umgengnisreglur
- læri helstu hugtök sem notuð eru í byrjendakennslu í sundi
- tileinki sér skipulagsform eins og röð, línu, hring og hóp
- læri að umgangast sundstað á öruggan hátt

## Kennslugögn

Kútar, sundflár, sundfit, dót til að kafa eftir, stórir hringir, boltar og fleira.

## Kennsluform

Kennt verður í námskeiðsformi. Bein kennsla, kennari sýnir, nemendur æfa, kennari leiðbeinir og nemendur endurtaka. Einnig verður lögð áhersla á leik. Einstaklings- og hópakennsla.

## Námsmat

Annareinkunn er gefin í bókstöfum og byggir á símati þar sem fylgst er með ástundun, virkni og framkomu nemenda. Í lok skólaárs er svo gefið lokið eða ólokið fyrir sundstig.

### Námsþættir 2. sundstigs

- marglyttuflot, með því að rétta úr sér
- spyrna frá bakka og renna með andlit í kafi 2,50m eða lengra
- hoppi af bakka í grunna laug
- 10 metra bringusund, með eða án hjálpartækja
- 10 metra skólabaksundsfótatök, með eða án hjálpartækja
- 8 metra skriðsundsfótatök (armar teygðir fram), með eða án hjálpartækja

# Tónmennt

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- hafi á valdi sínu aukinn lagaforða í fjölbreyttum stíltegundum
- dýpki skilning á frumþáttum tónlistarinnar
- nái grundvallaratriðum í nótnalestri og öðlist auka færni á einföld skóla- og eða heimatilbúin hljóðfæri
- flytji lög í hópi með áherslu á túlkun, og tón- og hrynmunstur eftir heyrn og -grafískum nótnatáknum
- þjálfí einbeitingarhæfni sína
- vinni áfram með tónlistarhugtök, s.s. veikt og sterkt, háa og djúpa tóna, hratt og hægt, bjart og dimmt
- læri að greina og þekkja hljóðfæri í sjón og eftir heyrn
- skynji hljóðheiminn og greini umhverfishljóð eftir hlustun

## Námsefni

Byggt er á efni úr Tónmennt, 1. og 2.hefti, auk ítarefnis frá kennara.

## Kennsluform

Nemendur syngja saman. Einfalt undirspil á skólahljóðfæri Hrynur og púls þekktra sönglaga æfður með skólahljóðfærum Taktskyn og tónlistarhugtök þjálfuð með leikjum, þulum og hreyfingu eftir tónlist Fyrstu lengdargildi nótna þjálfuð Barnadansar og ýmsir hreyfileikir, hreyfing og tjáning út frá hlustun.

## Námsmat

Umsögn í formi skólaeinkunnar að vori.

# Tölvur

## Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- tileinki sér rétta líkamsbeitingu við innslátt á texta
- geti ritað texta í ritvinnslu og geti notað sérlykla s.s. til að eyða texta, leiðrétta texta og rita stóra stafi
- geti vistað skjöl og náð í vistuð skjöl
- geti leitað og nýtt sér efni af neti sem hæfa þessum aldurshópi
- geti notað tölvu til að skrifa og prenta út eigin texta
- kynnist fingrasetningu og að lyklaborðið skiptist í hægri og vinstri hluta
- vinni með kennsluforrit sem hæfa aldri og getu

## Námsefni

Kennsluforrit sem hæfa aldri og getu.  
Efni tekið saman af kennurum.

## Kennsluform

Nemendur vinna ýmist einir sér eða með öðrum. Nemendur munu einnig nýta tölvukennslu í hinum ýmsu námsgreinum s.s. við upplýsingaöflun og aðra verkefnavinnu.

## Námsmat

Gefin er skólaeinkunn að hausti og vori.